



## Stjórnarfundur hjá Leikn

**Haldinn 2. febrúar 2018 í húsnæði Fjölmenntar í Reykjavík.**

**Mættir:** Guðrún Vala Elísdóttir, Ólafur Ástgeirsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helga Gísladóttir og Guðrún Lárusdóttir

**Forföll boðuðu:** Helgi Þorbjörn Svavarsson og Þuríður Sigurðardóttir .

### 1 Lokaráðstefna GOAL – og lok verkefnis

Guðrún Vala fjallaði um lokaskýrslu í GOAL verkefninu, en verkefninu lauk formlega með fundi í 17.-18. janúar 2018 í Brussel. Linkur á skýrsluna verður settur á heimasíðu Leiknar.

Afurð verkefnisins er gagnabanki sem samanstendur af helstu tækjum og verkfærum sem hinar ýmsu stofnanir hérlendis og erlendis eru að nota í náms- og starfsráðgjöf við einstaklinga sem síst sækja sér menntun og ráðgjöf. Vefur verkefnisins er [www.adultguidance.eu](http://www.adultguidance.eu)

Ekki er búið að ráðgera neitt formlegt beint framhald á þessu verkefni.

### 2 VISKA – verkefni

ERASMUS KA 3 verkefni, þar sem Fræðslumiðstöðin og IÐAN eru tengiliðir fyrir Íslands hönd undir Mennta- og menningarráðuneytinu. Verkefnið snýr að innflytjendum. Samstarfsaðilar eru Ísland, Belgía, Írland og Noregur sem stýrir verkefninu. Styrkur upp á 1,8 milljón Evra var veittur í verkið. Guðrún Vala var skipuð í verkefnahópinn sem fulltrúi Leiknar og Helgi Þorbjörn til vara.

VISKA er tilrauna- og rannsóknaverkefni sem beinir sjónum að því að forgangsraða í stefnu Evrópusambandsins um að efla starfshæfni innflytjenda, með því að meta færni þeirra og auka þannig möguleika á því að fá störf við hæfi og hlúa að félagslegri aðlögun - [www.viskaproject.eu](http://www.viskaproject.eu)

Verkefnið er komið af stað og næsti fundur er 15. þessa mánaðar.

### 3 Fjarfræðsluerindin framundan

13. febrúar – Anna Kristín finnur til erindi frá Mími, í tengslum við Erasmus+ verkefni.

13. mars – Guðrún Lárusdóttir heldur kynningu á Endurmenntun Lbhí.

10. apríl – Ólafur mun sjá um erindi sem snýr að 4. Iðnbyltingunni.

X. maí – Anna mun finna til erindi frá Mími sem snýr að Problem based learning eða að fá Margréti Sverris hjá Rannís til að halda erindi um EPALE.

### 4 Endurskoðun framhaldsfræðslulaganna

Guðrún Vala sendi eftir síðasta fund tölvupóst á Svanhildi Sverrisdóttur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og óskaði eftir því að Leikn fengi að hafa aðkomu að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu. En fyrr í vetur fór af stað undirbúningur við samsetningu og framkvæmd þessarar endurskoðunar. Guðrún Vala fékk svarpóst frá Svanhildi þar sem þakkað var fyrir áhugann. Nefndin

var skipuð en ekki fékk Leikn sinn fulltrúa þangað inn. Hinsvegar voru aðilar skipaðir í vinnuhópin m.a. frá BSRB, Velferðaráðuneytinu, Kvasir, Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Fjölmennt og Sjálfsbjörg. Vinnuhópurinn fékk heitið „Samráðshópur um nám fullorðinna“ og voru það Hellen Gunnarsdóttir og Svanhildur Sverrisdóttir sem sendu út fundarboð fyrir hönd ráðherra.

Guðrún Vala sendi aftur tölvupóst á Svanhildi eftir að skipunarbréf fóru út og fékk svar frá Svanhildi að Leikn hefði ekki verið valið „að þessu sinni“.

Samþykkt var því á fundinum að Leikn myndi senda annað bréf á ráðuneytið og ítreka ósk sína um aðkomu sína að þessari vinnu. Guðrún Vala sendir póstinn og sendir afrit af því á stjórnina.

**Ályktun:** Stjórn Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, ítrekar ósk sína og áhuga á þátttöku í endurskoðun Framhaldsfræðslulagana, lög nr. 27/2010.

Leikn eru regnhlífarsamtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi með góða tengingu við bæði Norðurlönd og Evrópu. Tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Í allt eru 19 fræðsluaðilar með aðild að Leikn.

Leikn ítrekar því óskar sína um aðkomu Leiknar að Samráðshópi um nám fullorðinna sem nú þegar hefur hafið störf.

Fyrir hönd stjórnar

Guðrún Vala Elísdóttir, formaður.

## 5 Erlend samstarf – fundir framundan

Fundur í Svíþjóð 18. til 19. júní 2018 í Stokkhólmi. Fundur norrænu og baltnesku aðilanna í EAEA.

Guðrún Vala Elísdóttir fer á fundinn í Svíþjóð og hugsanlega Guðrún Lárusdóttir.

Fundur hjá EAEA í Eistlandi – 27. til 28. júní 2018. Ársfundur EAEA samtakanna.

Guðrún Vala Elísdóttir fer á fundinn í Eistlandi og hugsanlega Guðrún Lárusdóttir.

Ákveðið var að fresta endanlegri ákvörðun um þennan lið fram að næsta fundi stjórnar.

## 6 Ársfundur Leiknar – undirbúningur

Lagt til að óska aftur eftir að halda okkar ársfund í samfloti við fundinn hjá Kvasir. Guðrún Vala sendir fyrirspurn á Ínu sem er formaður Kvasis til að fá upplýsingar um dagsetningar og staðsetningu.

Guðrún fór lauslega yfir bókhald ársins 2017 sem lítur ágætlega út. Endanlegt uppgjör verður tilbúið fyrir næsta fund.

*Innkoma fyrir árið 2017 var áætlun 965.000kr en var 968.012kr*

*Útgjöld fyrir árið 2017 voru áætluð 1.380.000kr en voru 1.422.260kr*

*Áætlað tap fyrir 2017 var 415.000kr en var 454.248kr*

*Eignir í lok árs 2017 voru því 1.162.757kr*

Kostnaður vegna heimasíðu fór fram úr áætlun en það skrifast á auka kostnað vegna flutnings á heimasíðu og vistun. Þetta mun koma til baka í sparnaði á árinu 2018. Kostnaður við erlent samstarf

var áætlað 800.000kr en var 904.301kr sem skrifast á að ferðakostnaður til Girona á Spáni á ársfund EAEA var meiri en áætlað var í upphafi.

## 7 Fræðsluferð til Danmerkur

Heimsókn til Danmerkur; Kaupmannahöfn og Haderslev – Anna Kristín fór yfir ýmis praktísk mál.

Hugmyndin er að heimsækja stofnun í Haderslev á Jótlandi ([www.vucsyd.dk](http://www.vucsyd.dk)) og VEU center í Kaupmannahöfn, sem eru regnhlífasamtök yfir alla þá sem sinna fullorðinsfræðslu í Danmörku. <https://www.veu-center.dk/>

Vinnuferð sem væri þrjú til fjórir vinnudagar. Uppi hugmyndir um að fara í þessa ferð haust 2018. Fjallað lítillega um fjármögnun, hvort hægt væri að sækja um styrki, gæti hver og einn sótt um styrk fyrir sig, gæti Leikn borgað hluta af ferðinni? Vangaveltur um það að setja inn kostnaðarlið á áætlun 2018 fyrir hluta kostnaðar við ferðina. Ekkert samþykkt að svo stöddu.

Mjög gróf áætlun gæti verið eitthvað á þessa leið, miðað við ferð frá mánudegi til föstudags og 7 ferðalanga:

*Flug KEF-CPH-KEF: 245.000kr*  
*Innanlandsflug/Ísland: 80.000kr*  
*Gisting í 4 nætur í DK: 450.000kr*  
*Ferðir innanlands í DK: 175.000kr*  
*Fæðispeningur í 5 daga: 480.000kr*  
**ALLS: 1.430.000kr**

## 8 Vefsíða Leiknar og fréttabréf

Vefsíðan er í vinnslu, ákveðin mál sem hafa ekki gengið upp t.d. með fréttabréf og innlegg. Guðrún Vala á bókaðan fund með tölvumanni í næstu viku til að fara yfir þessi mál og eftir það ætti þetta að fara að rúlla betur.

Stjórnarmenn þurfum að vera duglegri við að senda efni á Guðrúnu Völu og Þuríði til að setja inn á síðuna þannig að síðan verði virkari.

## 9 Önnur mál

Engin önnur mál

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:00**

**Næsti fundur ákveðinn í byrjun mars, Guðrún Vala mun senda út „doodle“ á næstu dögum á hópinn til að finna heppilegan tíma.**

**Fundargerð ritaði: Guðrún Lárusdóttir**